

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag Dalshverfis, 1. áfangi, verslunar- og þjónustusvæði.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 1. apríl 2025 skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á deiliskipulagi Dalshverfis, 1. áfanga. Lóðirnar eru skilgreindar sem verslunar- og þjónustusvæði á reit VÞ15 samkvæmt aðalskipulagi. Þar verður áfram gert ráð fyrir verslun og þjónustu, en lóðafyrirkomulagi, byggingarreitum og byggingarmagni breytt. Á austur- og miðhluta svæðisins er gert ráð fyrir byggingu fyrir verslun og þjónustu ásamt almenningstorgi. Á vesturhluta reits er gert ráð fyrir almenningsgarði. Skipulagsmörkum milli 1. og 2. áfanga Dalshverfis er hnikað lítillega. Breytingin á deiliskipulaginu tekur þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis og Grænásbrautar.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 19. nóvember 2024 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulag Skógarhverfis og Grænásbrautar. Deiliskipulagið nær yfir Grænásbraut frá Valhallarbraut að Flugvallarbraut og hluta Skógarhverfis. Við Skógarbraut og Grænásbraut eru nýjar lóðir fyrir allt að 104 nýjar íbúðir í fjölbýlum og raðhúsum. Nýtt deiliskipulag tekur þegar gildi.

Reykjanesbæ, 18. júní 2025.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 10. júlí 2025